# Fundargerð 1004. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, fimmtudaginn 8. október kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Vör við Viðeyjarsund.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Bjarni Eggert Guðjónsson, Björg Magnúsdóttir, Pétur Hafliði Marteinsson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Haukur Þór Hauksson, Ragnar Sigurðsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Vilhjálmur Árnason, Hjalti Þór Vignisson og Auður Kjartansdóttir.

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir boðaði forföll og sat varafulltrúi hennar Bjarni Eggert Guðjónsson fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjör varaformanns stjórnar Sambandsins - 2606001SA**

   Formaður lagði fram tillögu um Sunnu Hlín Jóhannesdóttur sem varaformann stjórnar Sambandsins árin 2026-2030.

   *Samþykkt samhljóða. Sunna Hlín er því rétt kjörin varaformaður stjórnar Sambandsins kjörtímabilið 2026-2030.*

2. **Dagatal stjórnar 2026-2027 - 2610008SA**

   Lögð fram drög að dagatali stjórnar Sambandsins 2026-2027 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda, landsþing og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2027.

   *Stjórn samþykkti fundaáætlun fyrir árið 2026 og fyrri hluta árs 2027. Jafnframt var samþykkt að landsþing Sambandsins fari fram 5. mars 2027 og að fjármálaráðstefna Sambandsins verði haldin 30. september til 1. október 2027.*

Fundi var slitið kl. 12:45

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026